

## 7. gr.

Auglýsing þessi gildir frá 1. sept. 1974 þar til öðruvísi kann að verða ákveðið.

*Fjármálaráðuneytið, 3. október 1974.*

**F. h. r.**

**Höskuldur Jónsson.**

*Dorsteinn Geirsson.*

Nr. 300.

3. október 1974.

**REGLUGERÐ**

um breyting á reglugerð nr. 221 12. júlí 1974  
um friðunarsvæði á Strandagrunni.

## 1. gr.

Á eftir orðunum „15. júlí 1974“ í 1. gr. reglugerðarinnar, komi orðin: til 3. október 1974.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 102 27. desember 1973 um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, svo og samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins ásamt breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 3. október 1974.*

**Matthías Bjarnason.**

*Jón L. Arnalds.*

Nr. 301.

3. október 1974.

**AUGLÝSING**

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli freðfisks  
fyrir framleiðslutímabilið 1. september til 31. desember 1974.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögu stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi verðgrundvöll á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. september til 31. desember 1974:

**Þorskur:**

	Ísl. kr. á lb. Cif.
4 × 14 m/r interl. ....	80.90
4 × 14 r/l og 8 × 7 r/l ....	80.90
10 × 5, 3 × 18 og 4 × 12 ....	116.10
5 × 10 ....	119.40
4 × 15 ....	121.60
12 × 1 ....	121.60
Blokk ....	83.00
Blokk 24½ ....	85.00

## Ýsa:

4 × 14 m/r interl. ....	80.90
10 × 5 og 3 × 18 .....	132.10
12 × 1 .....	137.70
Blokk .....	89.00

## Steinbítur:

10 × 5 .....	113.40
12 × 1 .....	119.50
Blokk .....	84.90

## Karfi:

8 × 7 m/r .....	67.50
10 × 5 m/r .....	63.20
10 × 5 r/l .....	67.70
12 × 1 .....	81.10
Blokk .....	61.40

## Ufsi:

8 × 7 r/l .....	60.10
4 × 6 kg .....	64.10
10 × 5 .....	74.00
Blokk .....	55.10

## Langa:

8 × 7 .....	67.50
10 × 5 .....	111.20
Blokk .....	73.90

## Grálúða:

Heilfryst .....	70.00
Blokk, U.S.S.R. ....	74.40

Heilfrystur fiskur .....	35.00
--------------------------	-------

Verðbil verður 3%, en 10% fyrir U.S.S.R. framleiðslu. Miðast verðbil þessi við verðhækkun eingöngu. Greiðslur í sjóðinn miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 3. október 1974.*

**F. h. r.**  
**Jón L. Arnalds.**

*Gylfi Þórðarson.*